



## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: [postur@fjr.stjr.is](mailto:postur@fjr.stjr.is)  
[www.fjarmalaraduneyti.is](http://www.fjarmalaraduneyti.is)

### *Fréttatilkynning*

Nr.: 25/2009

Efni: **Orðrómur um að ríkið kunni að þurfa að taka yfir rekstur Icelandair tilhæfulaus**

Orðrómur um að Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra telji að ríkið þurfi að koma að eða taka yfir rekstur flugfélagsins Icelandair að hluta til eða öllu leyti er tilhæfulaus með öllu. Fjármálaráðherra hefur engar upplýsingar um annað en að rekstur flugfélagsins gangi eftir atvikum og miðað við aðstæður vel. Má halda því fram að félaginu hafi tekist vel til í afar erfiðu starfsumhverfi að undanförmu. Þó erfiðleikar kunni að herja á einhverja í eigendahópi félagsins, eins og því miður mjög marga aðra, um þessar mundir, breytir það ekki því sem að ofan greinir um stöðu félagsins og dugmikla baráttu stjórnenda þess við erfiðar aðstæður.

Reykjavík 23. apríl 2009